



Sigurmark á síðustu stundu Íslensku strákarnir fagna gríðarlega dramatisku sigurmarki Harðar Björgvins Magnússonar á móti Króatía á Laugardalsvelli í gærkvöldi. „Það er bara fint að skora með öxlinni,“ sagði Hörður Björgvin, hetja íslenska liðsins, um sigurmarkið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Kuml sem talið er vera frá víkingaöld fannst á framkvæmdasvæði stórskipahafnar Eyfirðinga. **2**

FRÉTTIR Tollkvótar halda áfram að hækka með tilheyrandi áhrifum á vöruverð. **6**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
 ● FÓLK ● SECRET SOLSTICE ●
 FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

100% HREIN SNILLD FRÁ ÍSLENSKUM GARÐYRKJUBÆNDUM



Kringlan JIBBÍ JEI

**BRÚÐUBÍLLINN
 VIÐ HAMBORGARA-
 FABRIKKUNA
 KL. 17.00**

SMÁBORGARAR Í BOÐI
 Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bíta?



Sögulegur sigur

FRAKKLAND Útlit er fyrir að hinn nýi stjórnmálaflokkur Emmanuel Macron, forseta Frakklands, hafi unnið stórsigur í fyrstu umferð frönsku þingkosninganna sem fóru fram í gær. Samkvæmt útgönguspám fær flokkur Macrons 32 prósent atkvæða og 415 af þeim 577 sætum sem í boði eru á franska þinginu. – *sg / sjá síðu 8*

Ætlar að ganga vegalengdina

LÍFIÐ Sigrún Bragadóttir ætlar að fara 10 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar Stígamótum. Sigrún kveðst eiga Stígamótum mikið að þakka en hún er brotþoli kynferðisofbeldis og hóf fyrir um fjórum árum bataferli með hjálp samtakanna. – *gha / sjá síðu 22*

Jafnvægi að nást á fasteignamarkaði

Fasteignasalar sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að hægt hafi á hækkun fasteignaverðs undanfarnar vikur. Jafnvægi sé að komast á markaðinn.

VIÐSKIPTI „Maður þorir ekki að segja að toppnum sé náð. Það er auðvitað enn þá eftirspurn, sérstaklega eftir íbúðum á eftirsóttum svæðum. En það hefur dregið úr spennunni. Ég myndi segja að það væri að komast á meira jafnvægi milli kaupenda og seljenda,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali og fyrrverandi formaður Félags fasteignasala.

Fasteignasalar sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að finna fyrir hægari hækkun fasteignaverðs undanfarnar vikur. Opinberar tölur sýna þó ekki kólnun á markaðnum.


●● **Þetta er mín upplifun að markaðurinn sé að róast og ég segi bara sem betur fer.**

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali

„Við sjáum ekkert út frá opinberum veltutölum um kaupsamninga sem gefa til kynna kólnun á markaðnum. En það gæti verið að það eigi eftir að koma fram,“ segir Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði. Ingibjörg segir að skjálfti hafi komið

á markaðinn upp úr áramótum þegar rosalegum hækkunum var spáð á fasteignaverði. „Fólk var að drífa sig að kaupa og verða á undan verðhækkunum. Svo hefur þetta róast aftur og það hefur verið minna framboð. Þetta er mín upplifun að markaðurinn sé að róast og ég segi bara sem betur fer. Þetta var orðið stressástand á markaðnum og þetta veldur fólk sem er að reyna að komast inn á hann áhyggjum og kvíða. Þetta var tímabundið ástand og mér finnst það hafa jafnað sig,“ segir Ingibjörg. – *sg / sjá síðu 4*

Veður



Hægari á morgun og birtir til fyrir norðan en þykkar upp og stöku skúrir syðra síðdegis. **SIÐU 18**



Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vill fella stjórn May

BRETLAND Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur tilkynnt að flokkurinn hyggist bjóða öðrum stjórnmaflökkum að fella ríkisstjórn Íhaldsflokksins og kjósa stefnuskrá Verkamannaflokksins í kjölfar niðurstöðu þingkosninganna í Bretlandi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina vill Theresa May, leiðtogi Íhaldsflokksins og forsætisráðherra Bretlands, mynda minnihlutaríkisstjórn með stuðningi Lýðræðislega sambandsflokksins (DUP) á Norður-Írlandi.

Til þess að koma á minnihlutastjórninni þarf May að halda ræðu sem nefnist „Drottningarræða“ og fá meirihluta þingsins til að kjósa með trauststillögu um að Íhaldsflokkurinn geti verið leiðtogi þingsins. Það ætti að nást ef allir þingmenn DUP styðja tillöguna. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær hafði þó ekki verið gengið frá samningum flokkanna á milli.

Verkamannaflokkurinn náði að bæta við sig 30 sætum í neðri deild breska þingsins í kosningunum sem fóru fram í síðustu viku. Á sama tíma missti Íhaldsflokkurinn meirihluta sinn á þingi.

The Guardian greinir frá því að Corbyn telji að önnur kosning muni eiga sér stað áður en árið er úti. – sg

» Verkamannaflokkurinn náði að bæta við sig 30 sætum í nýliðnum kosningum.

Tekinn af laganna vörðum



Íbúi Cracolandia sést hér leiddur burt af lögreglumönnum. Cracolandia er hverfi í Sao Paulo og líkt og nafnið gefur til kynna er þar að finna meira af krakki en gerist og gengur. Fólk sem hefst þar við er oftast en ekki fólk sem er utangarðs og hefur ánetjast efninu. Um 500 lögreglumenn réðust inn í hverfið í gær og handtöku íbúa. Hluti íbúa greip til þess ráðs að leggja eld að skýlum og efnu til að forða þeim frá klóm lögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Einn grunuðu yfirheyrður í morðmálinu

LÖGREGLUMÁL Lítið var um yfirheyrslur yfir þeim sex sem grunuð eru um að tengjast láti Arnars Jónssonar Aspar.

Sex voru handtekin eftir líkamsrás á Æsustöðum í Mosfells sveit á miðvikudag í liðinni viku. Yfirheyrslur stöðu fram á nótt það kvöld en lítið hefur verið um þær síðan þá.

„Við yfirheyrðum aðeins einn í fyrradag og engan í gær. Við vorum upptekin í öðrum verkum,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar. Ekki fæst uppgefið hver var yfirheyrður.

Grímur segir enn fremur að ekki liggja fyrir hvert dánarmein Arnars var en niðurstöður krufningar liggja ekki fyrir. Það verður líklega á næstu dögum. – jõe

Fornminjar fundust á framkvæmdasvæði

Fornleifarannsóknir á Dysnesi, rétt norðan við Akureyri, þar sem stórskipahöfn Eyfirðinga á að rísa benda til fjölda kumla á svæðinu. Fyrsta kumlið fundið með haugfé frá víkingaöld. Til stendur að kanna allt svæðið á næstu dögum.

SAMFÉLAG Fornleifauppgröftur við Dysnes norðan Akureyrar hefur borið árangur. Á skömmum tíma hafa fræðingar komið niður á kuml sem líklegt er talið að sé frá víkingaöld. Vísbendingar benda til að mun fleiri kuml finnist á svæðinu á næstu dögum.

„Við höfum nú fundið mannabein og tönn úr hundi. Algengasta haugféð frá þessum tíma voru hestar en það er einnig vitað af því að hundar hafi verið grafnir með eigendum sínum. Það er erfitt að tímasetja nákvæmlega frá hvaða tíma þetta kuml er því gjóskulög er ekki að finna hér,“ segir Hildur Gestsdóttir, fornleifafræðingur sem vinnur að rannsókninni.

„Það er þannig að ef við finnum eitt kuml er líklegt að fleiri séu á staðnum. Við höfum séð það í gegnum tíðina,“ segir Hildur en örnefni gefur tilefni til þess að fjöldi kumla sé á staðnum. „Örnefni eru oft þannig að þau gefa vísbendingar um hvað hafi farið fram. Smíðjuhöll er til dæmis merki þess að smíðja hafi verið starfrækt og svo framvegis. Að öðru leyti eru ekki til miklar heimildir,“ bætir Hildur við.

Á næstu dögum munu rannsóknaraðilar opna stærra svæði til að gera sér betur grein fyrir fjölda kumla. Dysnesið sjálf er ekki mjög stórt og því verður stór hluti þess kannaður frekar. Nokkur hundruð metrum sunnan við Dysnes er Gásseyri sem á víkingaöld var mikil verslunarhöfn.

Rannsókn fornleifafræðinganna er hluti af umhverfismati fyrir stórskipahöfn á Dysnesi með allt að 300 metra viðlegukanti sem fyrirtæki



Á skömmum tíma hafa fræðingar komið niður á kuml sem líklegt er talið að sé frá víkingaöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Víkingaöld

Víkingaöld er það tímabil í sögu Norðurlanda sem markast við árið 800 og lýkur í kringum 1066. og markar strandhögg víkinga og landvinninga þeirra.

Upphaf víkingaaldar má rekja til þess atburðar er norrænir víkingar réðust inn í klaustur við Lindisfarne sem er miðja vega milli Newcastle í Englandi og Edinborgar í Skotlandi.

Endalok víkingaaldar markast svo við fall Haraldar harðráða Noregskonungs í orrustu á Stamford Bridge árið 1066.

20

milljarðar er áætlaður kostnaður framkvæmdarinnar.

og sveitarfélög í Eyjafirði áforma að byggja á næstu árum. Hafnarmannvirki sem þetta er ekki til á norðanverðu landinu og á að þjóna oliuleit á Drekasvæðinu sem og námagreftri á austurströnd Grænlands. Einnig hefur þessi framkvæmd verið markaðssett sem umskipunarhöfn fyrir siglingar yfir norðurlandinn. Framkvæmdin er talin munu kosta tæpa 20 milljarða króna. sveinn@frettabladid.is

Rafmags sláttuvélar

Úrval garðsláttuvéla fyrir rafmagn eða rafhlöður



Makita

MTD

PÓR

Reykjavík:
Krokháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



Way of Life!

SUMAR SPRENGJA SUZUKI!



**ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND
FYRIR GAMLA BÍLINN.
ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI
OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á GLÆSILEGUM, NOTUÐUM GRAND VITARA**



**EKKI MISSA AF
ÞESSU FRÁBÆRA
TILBOÐI!**

**GILDIR TIL
30. JÚNÍ 2017**

Eigum fjölbreytt úrval af notuðum Grand Vitara, bjóðum hagstæð lánakjör. Tilboðið gildir til 30. Júní 2017

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOD Í 28 ÁR



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Mikilvægt að láta reyna aftur á sykurskattinn hér á landi

HEILBRIGÐISMÁL „Mér finnst ekki spurning að eigi að prófa sykurskattinn aftur á Íslandi. Það er líka mjög mikilvægt að það sé gert í ljósi þeirra staðreynda sem blasa við um tengda sjúkdóma og annað,“ segir Guðrúnar Magnúsdóttir hjúkrunarfræðings. Hún skrifaði meistararitgerð í lýðheilsufræðum við læknadeild Háskóla Íslands sem ber titilinn Skattlagning og niðurgreiðsla matvæla – Áhrif á neysluhegðun.

Um er að ræða kerfisbundið yfirlit (e. systematic review) á öðrum

rannsóknnum sem hafa verið gerðar um skattlagningu og niðurgreiðslu matvæla. Yfirlitið bendir til þess að breytingar á matvælavæði hafi álika áhrif á hlutfallslega neyslu þeirra matvæla hvort sem skattlagningu og/eða niðurgreiðslu er beitt. Hins vegar þurfa verðbreytingar að nema að lágmarki fimmtán til tuttugu prósentum svo það skili sér í breyttri neysluhegðun.

Þá benda niðurstöður einnig til þess að því meiri sem verðbreytingin er því líklegri er að það hafi áhrif á neysluhegðun. Niðurgreiðsla



Guðrún Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur

hollra matvæla hefur jákvæð áhrif á kauphegðun.

Guðrún segir ástæðu þess að hún hafi rannsakað þetta viðfangsefni vera að hún hafi mikinn áhuga á lýðheilsu og hvernig þetta tengist ójöfnuði í samfélaginu.

„Þeir sem eru tekjumeiri kaupa hollari mat en þeir sem hafa minna milli handanna. Þetta tengist kannski frekar ójöfnuði en einhverju öðru.“

Að mati Guðrúnar er þörf á frekari rannsóknnum á Íslandi og annars staðar á þessu. „Helst einhverjar íhlutandi slembirannsóknir til að fá marktækari niðurstöður og sjá hvort þetta hafi áhrif almennilega, en það bendir allt til þess,“ segir Guðrún.

Hún telur að þörf sé á að láta reyna á sykurskatt aftur hér á landi.

„Í fyrsta lagi var sykurskatturinn bara í ár og framleiðendur og birgjar voru búnir að kaupa mjög mikinn sykur fyrirfram, þannig að þetta bitnaði eiginlega ekki á framleiðendum og þetta hafði ekki áhrif á neytendur því þeir skattlögðu of lágt. En þetta skilaði næstum milljarði til ríkisins.“

Guðrún telur að til framtíðar mætti skattleggja sykrud matvæli, sem og önnur óholl matvæli, og nýta fjármagnið til að niðurgreiða holl matvæli, til dæmis grænmeti og ávexti, og fræða neytendur. – sg

Leiga íbúða hækkar um fimm prósent

REYKJAVÍKURBORG Hækkun leiguverðs Félagsbústaða tekur gildi þann 1. ágúst næstkomandi. Hækkunin á leigu hjá Félagsbústaðum er fimm prósent en sértækur húsnæðisstuðningur hjá Reykjavík hækkar á sama tíma, mismunandi mikið eftir einstaklingum, þannig að til samans leiða þessar breytingar til þess að greiðslubyrði leigutaka hjá Félagsbústaðum helst að jafnaði óbreytt.

Félagsbústaðir voru reknir með miklum hagnaði á síðasta ári, en hann má að langstærstum hluta rekja til hækkunar á fasteignaverði. Ekki stendur til að innleysa þennan hagnað með sölu eigna eða aukinni skuldsetningu. Stefna Félagsbústaða er að fjölga íbúðum og mæta þannig þeirri miklu eftirspurn sem er eftir húsnæði hjá félaginu. – sg

Spá meiri hagvexti á evrusvæðinu

EFNAHAGSMÁL Evrópski seðlabankinn spáir auknum hagvexti á evrusvæðinu á nætu misserum, en hefur þó ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

BBC greinir frá því að bankastjóri bankans, Ítalinn Mario Draghi, hafi gefið í skyn að ekki væri ástæða til að lækka stýrivexti meira í náinni framtíð.

Seðlabankinn spáir 1,9 prósentu hagvexti á evrusvæðinu árið 2017, en í mars var því spáð að vöxturinn myndi nema 1,8 prósentum.

Evrópski seðlabankinn hækkar einnig hagvaxtarþá sína fyrir næsta ár úr 1,7 prósentum í 1,8 prósent og spáir 1,7 prósentu hagvexti árið 2019. – sg

Jafnvægi að nást á markaði

Visbendingar eru um að nú hægi á hækkunum á fasteignamarkaðinum hér á landi. Fyrirverandi formaður Félags fasteignasala telur að sveitarfélögin muni koma með húsnæðismálaútspil í aðdraganda kosninga.

VIÐSKIPTI Fasteignasalar sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að finna fyrir hægari hækkun fasteignaverðs undanfarnar vikur. Opinberar tölur sína þó ekki kólnun á markaðnum.

„Við sjáum ekkert út frá opinberum veltutölum um kaupsamninga sem gefa til kynna kólnun á markaðnum. En það gæti verið að það eigi eftir að koma fram. Það hafa verið þá miklar verðhækkningar að undanförunu að það er eðlilegt að þær haldi ekki áfram með sama hraða,“ segir Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði.

„En yfirlýsingar um að verðtoppi sé náð, hvort sem þær eru réttar eða ekki, hafa áhrif á væntingar á markaði. Það getur leitt til þess að framboð eykst ef fólk sem hefur settið á íbúðum sínum sér hag sinn í því að bjóða þær íbúðir fram núna. Á sama tíma gæti eftirspurnin hægt á sér því margir voru að drífa sig að kaupa áður en toppnum yrði náð. En þetta er eitthvað sem við eigum eftir að sjá hvort gerist,“ segir Una.

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali og fyrirverandi formaður Félags fasteignasala, segir að skjálfti hafi komið á markaðinn upp úr áramótum þegar rosalegum hækkunum var spáð á fasteignaverði.

„Fólk var að drífa sig að kaupa og verða á undan verðhækkunum. Svo hefur þetta róast aftur og það hefur verið minna framboð.“ Hún telur að einhverjir hafi bedið með að setja eignir á markað vegna hækkanna.

Hún bendir þó á að nú hægist um á markaði fram yfir verslunarmannahelgi. Fólk sé í frii og að hugsa um annað en fasteignakaup.

„Þetta er mín upplifun að markaðurinn sé að róast og ég segi bara



Ingibjörg Þórðardóttir bendir á að margar nýbyggingar séu í vændum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kosningar hafi áhrif á markaðinn

Ingibjörg bendir á að það eru margar nýbyggingar í undirbúningi sem hafi áhrif á fasteignaverð, einnig hafi húsnæðisstefna sveitarfélaganna það líka.

„Í ljósi þess að það styttest í kosningar verða þau að vera með eitthvað útspil og koma með lóðir og stefnur í þessum húsnæðismálum. Það verður að byggja í úthverfum eins og alls staðar er gert því þar eru ódýrari lóðir. Þetta er lögmál hvar sem þú ert staddur í heiminum.“

„Það að byggja áfram í Úlfarsárdalnum til dæmis er mjög gott og gefur kannski þeim sem vilja reyna að komast inn á markaðinn tækifæri. Þegar framboðið eykst þá næst meira jafnvægi milli kaupenda og seljanda. Reykjavík, stærsta sveitarfélagið, hefur verið eftirbátur hinna sveitarfélaganna, en nú eru þeir loksins að hysja upp um sig buxurnar.“



Það hafa verið þá miklar verðhækkningar að undanförunu að það er eðlilegt að þær haldi ekki áfram með sama hraða



Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá ÍLS

sem betur fer. Þetta var orðið stress-ástand á markaðnum. Þetta var tímabundið ástand og mér finnst það hafa jafnað sig,“ segir Ingibjörg. saeunn@frettabladid.is

Makita

RAFHLÖÐUGARÐVERKFÆRI

• Hekklippur • Keðjusagir • Sláttuor • Grasklippur • Greinaklippur • Blásarar

Makita rafhlöðugarðverkfærin eru ýmist fyrir eina eða tvær 18 v rafhlöður – sömu rafhlöður og eru í öðrum Makita 18 v rafhlöðuverkfærum – og þeim fylgir hraðhleðslutæki. Makita rafhlöðuverkfærin er þekkt fyrir gæði og endingu. Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum



ÞÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is



Nám í viðskiptafræði, með áherslu á markaðs-
samskipti, nýtist mér gríðarlega vel í mínum
daglegu störfum og fjarnám er frábær leið
til að geta stundað bæði vinnu og nám.
Fjarnámið gerir slíkt gerlegt og hvet ég alla til
að kynna sér þann möguleika.

- Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir,
dagskrárgerðarkona



Umsóknarfrestur er til 15. júní

Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti er sérhæft viðskiptanám sem er sérsniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við menntun, þekkingu, og hæfni á sviði markaðsfræða. Kennarar eru sérfræðingar á því sviði og með mikla reynslu úr sínum störfum. Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi sem gefur kost á að stunda námið með vinnu á eigin hraða.

Viðskiptadeild

BS í viðskiptafræði

- með áherslu á markaðssamskipti
- með áherslu á ferðapjónustu
- með áherslu á þjónustufræði

Félagsvísindadeild

BA í heimspeki, hagfræði og
stjórn málafræði

BA í miðlun og almannatengslum

Lagadeild

BS í viðskiptalögfræði

BS í viðskiptalögfræði með vinnu

Allt grunnnám er kennt bæði í fjar- og staðnámi.
Nánari upplýsingar á bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

- fyrir þá sem ætla lengra



nordanfiskur
Góður kostur á lvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!

Koddaslagurinn endurvakin



Það þótti löngum tilheyra að fara í koddaslag á sjómannaðeginum en sú hefð lagðist af í Reykjavík fyrir fimmtán árum. Í gær var hún endurvakin og börðu sex þjóðþekkt heljarmenni á hvert öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hækkandi tollkvótar hafa áhrif á vöruverð

Tveggja útboða kerfi á ESB-tollkvóta hefur hækkað útboðsgjald. Formaður FA segir hækkunina fyrirséða.

NEYTENDUR Útboðsgjald, sem innflutningsfyrirtæki þurfa að greiða fyrir tollfrjálsan innflutning á búvörum frá löndum ESB, hækkadi í flestum tilfellum milli útboða. Kvótinn er nú í fyrsta sinn boðinn út tvisvar á ári í stað einu sinni.

Tilboð fyrir fyrri hluta ársins voru opnuð í janúar og kom þá í ljós að verð hækkadi um allt að 87 prósent. Við það tilefni sagði Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), að félagið hefði varað við því að gjaldið myndi hækka. Þá spáði hann því að það myndi hækka áfram samhliða aukinni eftirspurn sem fylgir fjölgun ferðamanna.

Útboðsgjald vegna nautakjöts hækkar um tæplega tólf prósent milli árshelminga og hefur hækkað um 25 prósent frá síðasta ári. Svínakjötskvótinn hækkar um fjórðung

Við mætum meiri skilningi hjá þessari ríkisstjórn og nú verandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en það breytir því þó ekki að fyrirkomulagið er enn hið sama.

Ólafur Stephensen, framkvæmdarstjóri Félags atvinnurekenda



og hefur hækkað um helming frá síðasta ári. Kvótinn vegna aðfluttra osta lækkar hins vegar um rúm 16 prósent en í fyrra útboði ársins hafði hann hækkað um 87 prósent. Áætla má að hækkunin skili ríkinu um sjötíu milljónum aukalega í kassann.

„Það var í raun augljóst frá upphafi að í kerfinu felst mikið óhagræði og enn þá meira kapp að byggja upp kvótann á réttum tíma,“ segir Ólafur nú. Haldi þessi þróun áfram mun gjaldið éta upp það

hagræði sem felst í kvótunum.

Ar hvert eru tvenns konar kvótar boðnir út. Annars vegar áður nefndur ESB-kvóti og hins vegar svokallaður WTO-kvóti. Sá fyrnefndi er boðinn út tvisvar á ári en hætt var við slíkt í tilfelli hins síðari. Þess í stað er hann boðinn út einu sinni.

„Hærra útboðsgjald veltur áfram út í verðlagið. Það er vonandi að stjórnvöld taki mark á þessari niðurstöðu og breyti fyrirkomulaginu aftur til baka líkt og með WTO-kvótann,“ segir Ólafur.

Í upphafi árs í fyrra komst Hæstiréttur að því að útboðsgjaldið væri andstætt stjórnarskrá. Fyrirkomulaginu var breytt eftir dóminn en FA telur að kerfið sé enn ólöglegt.

„Líkt og í fyrra málinu snýst þetta um að ráðherra hafi val um það hvort hann leggur skatt á eður ei. Við mætum meiri skilningi hjá þessari ríkisstjórn og núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en það breytir því þó ekki að fyrirkomulagið er enn hið sama. Það er þreytt að fyrirtæki þurfi að fara dómstólaleiðina til að ná fram umbótum í þessum málum,“ segir Ólafur. johannoli@frettabladid.is

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

PLUKKFIÐSKUR

HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára · Spönginni · Skipholt

SAIT
RA
HUMAR

hekla.is/up

UP! Í LOFT

Nýr up! frá aðeins
1.790.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen



RENAULT
Passion for life

NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.



NÝR RENAULT MEGANE ZEN 1,5 DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.

VERÐ: 2.890.000 KR.

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphitun framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Einkaneyslan heldur áfram að aukast

EFNAHAGSMÁL Vöxtur einkaneyslu reyndist sjö prósent á fyrsta ársfjórðungi. Frá fjórða ársfjórðungi 2015 hefur vöxturinn legið á bilinu 5,7 prósent til 7,7 prósent og meðaltalið verið 6,7 prósent. Vöxturinn á fyrsta fjórðungi nú er því ívið yfir því meðaltali. Þetta kemur fram í nýrri Hagsjá Landsbankans.

Í henni segir að vöxtur einkaneyslu komi ekki á óvart. Hann sé í samræmi við nýja hagspá bankans, en þar er gert ráð fyrir að einkaneysla

» Gert er ráð fyrir að einkaneysla muni aukast um rúmlega 7% á þessu ári.

aukist um 7,2 prósent yfir árið í heild. Hagvöxtur mældist fimm prósent á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama fjórðungi árið áður. Þetta er nokkuð minni vöxtur á tólf mánaða grundvelli en verið hefur síðustu tvo fjórðunga.

Þannig var hagvöxtur 11,3 prósent á fjórða fjórðungi síðasta árs og 9,6 prósent á þriðja ársfjórðungi. Þetta er þó meiri vöxtur en var á fyrsta og öðrum fjórðungi síðasta árs en þá lá vöxturinn á bilinu 3,5 til fjögur prósent. Þetta er minni vöxtur en Landsbankinn gerir ráð fyrir að verði fyrir árið í heild. Í nýuppfærðri spá hagfræðideildar fyrir tímabilið 2017 til 2019 er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 6,7 prósent á þessu ári.

–sg



Emmanuel Macron ásamt Brigitte konu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Söguleg úrslit í Frakklandi

Fyrri umferð frönsku þingkosninganna fór fram í gær. Líklegt er að flokkur Macrons forseta Frakklands verði stærsti flokkurinn þar í landi.

FRAKKLAND Útlit er fyrir að hinn nýi stjórnmaðlaflokkur Emmanuels Macron, forseta Frakklands, hafi unnið stórsigur í fyrstu umferð frönsku þingkosninganna sem fóru fram í gær.

Flokkurinn, La Republique en Marche, var stofnaður í fyrra í kringum framboð Macrons til forseta. Þegar Fréttablaðið fór í prentun lágu niðurstöður kosninganna ekki fyrir. Samkvæmt útgönguspám Ipsos-Sopra Steria fær flokkur Macrons 32 prósent atkvæða. Flokkurinn hafði áður engan mann á þingi en 577 sæti eru á franska þinginu. Nú er útlit fyrir að flokkurinn muni fá yfir 415 sæti samkvæmt frétt Le Monde.

Íhaldsflokknum er spáð 21,2 prósent atkvæða og Frönsku þjóðfylkingunni, flokki Marine Le Pen, er spáð 13,9 prósent atkvæða. Útlit er fyrir að Sósíalistar, flokkur fyrr-

verandi forseta Frakklands, Francois Hollande, tapi verulegu fylgi. Flokkurinn var með 277 þingsæti en virðist fá mun færri núna en honum er spáð 13,3 prósent fylgi.

Áætlað er að kosningabáttaka hafi verið um 49 prósent og þykir hún heldur dræm.

Kosningasigur Macrons í forseta kosningunum var að mörgu leyti sögulegur, hann er 39 ára og yngsti forseti landsins, og ekki fulltrúi stóru flokkanna tveggja heldur kemur úr nýrri átt.

Kosningakerfi Frakklands er einstakt og er milli þess að vera þingræðiskerfi og forsetaræðiskerfi. Aðeins þrisvar áður hefur forseti verið kosinn í fimmta lýðveldinu sem ekki hefur meirihluta á þingi. Önnur umferð þingkosninganna fer fram á sunnudaginn eftir viku.

saeunn@frettabladid.is

Japansk-íslenska stofnað

VIÐSKIPTI Japansk-íslenska viðskiptaráðið hefur verið formlega stofnað. Á stofnfundinum var Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota og stjórnarformaður Icelandair Group, kjörinn formaður ráðsins.

Stofnfélagar eru um 30 fyrirtæki sem eiga í fjölbreyttum við-

skiptum milli landanna. Sendiherra Japans á Íslandi, Yasuhiko Kitagawa, flutti opunarávarp og fór meðal annars yfir þann mikla áhuga sem ríkir á auknum samskiptum á milli landanna.

Hann fagnaði því að ráðið væri stofnað 61 ári frá stofnun stjórnmálasambands milli landanna. –sg

BOSS
HUGO BOSS

DIESEL

TOM FORD

Polaroid

VERA WANG
EYEWEAR

Úrval af
sólgleraugum

augastaður
Gleraugnaverslunin þín

MJÓDDIN FJÓRÐUR
S: 587 2123 S: 555 4789

REKSTRARVÖRUR FYRIR HEIMILIÐ

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksuger, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland | Vatnagördum 10 | 104 Reykjavík | Opið alla virka daga kl. 9-18

REKSTRARLAND



LÍFIÐ ER FERÐALAG

Njóttu þess af öryggi í Volvo V40 Cross Country. Frábær sæti, auðvelt aðgengi og mikil veghæð gerir aksturinn auðveldan allan ársins hring. Silkimjúk sjálfskipting og sparneytin vél minnka eyðslu og draga úr mengun. Mátáðu þig við fagað útlitið og hlýja innréttinguna sem umvefur þig af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
BLUETOOTH GSM SÍMKERFI
START/STOP KERFI
SJÖ LOFTPÚÐAR
HIGH PERFORMANCE HLJÓMTÆKI OG 8 HÁTALARAR
VERÐ FRÁ 4.090.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSTRUAKTU
VOLVO V40 CROSS COUNTRY



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

STÖKKTU Í SÓLINA! SÍÐUSTU SÆTIN TIL SPÁNAR Í JÚNÍ



ALLT INNIFALID

ALMERIA

16.–23. JÚNÍ **ZORAIDA GARDEN** ****

VERÐ FRÁ **97.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALID**. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 107.900 kr.




ALLT INNIFALID

ALMERIA

23.–30. JÚNÍ **ROC GOLF TRINIDAD** ****

VERÐ FRÁ **94.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALID**. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 122.700 kr.



BENIDORM

16.–24. JÚNÍ **GRAN HOTEL BALI** ****

VERÐ FRÁ **67.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 83.700 kr.



11 DAGAR

MALLORCA

29. JÚNÍ – 10. JÚLÍ **VISTA CLUB** ***

VERÐ FRÁ **79.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 114.900 kr.



KANARÍ

21.–28. JÚNÍ **TENEGUIA** **

VERÐ FRÁ **52.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 61.900 kr.



KANARÍ

14.–21. JÚNÍ **MONTEMAR** ***

VERÐ FRÁ **57.800 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 63.700 kr.

INNIFALID Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.

VERÐ ERU BIRT MED FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABREGL.



10 DAGAR

MALLORCA

19.-29. JÚNÍ CALA D'OR PARK **

VERÐ FRÁ **73.700 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 104.700 kr.



GUÐNI PÁLL KÁRASON
ÍÞRÓTTAFRÆÐINGUR

KRAKKAKLÚBBUR Á KANARÍ

STARFRÆKTUR Á TÍMABILINU 14. JÚNÍ – 9. ÁGÚST
CORONA BLANCA **

VERÐ FRÁ **61.900 KR.**

Skemmtilegur krakka- og íþróttaklúbbur verður í sumar á Gran Canaria. Þessi klúbbur er í boði fyrir allar fjölskyldur sem gista á Corona Blanca og verður hinn hressi og hæfileikaríki íþróttافرæðingur Guðni Páll Kárason með krökkunum meðan á dvöl stendur. Bókaðu hjá okkur á tímabilinu 14. júní til 9. ágúst á hótél Corona Blanca og slakaðu á í fríinu meðan börnin skemmta sér með Guðna. Krakka- og íþróttaklúbburinn er innifalinn í verði.

NÁNAR Á UU.IS/KRAKKAKLUBBUR



ALBIR

23. JÚNÍ – 1. JÚLÍ ALBIR PLAYA ****

VERÐ FRÁ **76.700 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 93.700 kr.

TAKMARKAÐUR
SÆTAFJÖLDI!

RAUÐIR DAGAR

SÓLARTILBOÐ Á VÖLDUM BROTTFÖRUM Á UU.IS/RAUDIR

Vopnavæðing



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Markmið hryðjuverka hefur alltaf verið að valda ótta og sundrunu í samfélaginu. Að leitast við að koma í veg fyrir að fólk geti um frjálst höfuð strokið, komið saman til skemmtana og fundahalda eða gert hvað annað sem hugur þess stendur til í opnu og frjálsu samfélagi. Hryðjuverkamenn eru meðvitaðir um að verk þeirra eru aðför gegn frelsi og lífsháttum.

Blessunarlega höfum við Íslendingar ekki þurft að búa við ógnina af hryðjuverkum og skelfilegar afleiðingar þeirra. Það breytti því þó ekki að hjá Ríkislögreglustjóra var tekin ákvörðun um að hafa löggæslumenn búna skotvopnum við gæslu borgaranna á svokölluðu Lithlaupi, í miðborg Reykjavíkur, síðastliðinn laugardag. Ákvörðunin var tekin í framhaldi af hryðjuverkaárásinni í Manchester fyrir skömmu. Þetta er stór ákvörðun enda höfum við löngum lítið á það sem mikilvægan þátt í lífsgæðum okkar að lögreglan er ekki vopnuð skotvopnum. Í því eru fölginn skilaboð þess efnis að lögreglan er í liði með borgurum, samverkamadur þeirra og verndari, en ekki vald sem fólk stendur ógn af frá degi til dags.

Það er mikilvægt hlutverk lögreglunnar að vernda borgaranna. En eins og Andrés Ingi Jónsson, þingmaður VG og fulltrúi í allsherjar- og menntamálanefnd, bendir á þá gengur auðvitað ekki að svo stórkostlega breyttar áherslur við löggæslu á fjölmönnum viðburðum séu teknar án almennrar umræðu. Við þurfum að skoða hvað það hefur í för með sér fyrir íslenskt samfélag ef við eigum nú að standa frammi fyrir vopnaðri löggæslu á fjölmönnum mannamótum. Horfast í augu við þann möguleika að slík breyting geti gert þetta samfélag að líklegu skotmarki hryðjuverkmanna. Ræða hvort skotvopn eru leiðin að auknu öryggi borgaranna eða hvort aðrar leiðir séu vænlegri til lengri tíma lítið.

Meginverkefnið er einfaldlega að ræða öryggi borgaranna á landinu í heild, en ekki bregðast einhliða við út frá þeim aðstöðum sem herveldi á borð við Breta hafa búið við áratugum saman. Þegar horft er til öryggis borgaranna á Íslandi er að minnsta kosti fjölmargt sem hrópar á endurbætur og athygli fremur en það að búa lögregluna skotvopnum. Í fyrsta lagi er óhjákvæmilegt að lita til þess að lögreglan hefur lengi verið undirfjármögðuð og þar af leiðandi of fámenn. Þetta er áþreifanlegt um helgar í miðborg Reykjavíkur þar sem fjölmargir þurfa að þola ofbeldi og ógnin af ofbeldi er meira en raunveruleg. Annað sem kemur upp í hugann eru sjúkraflutningar sem hafa einnig víða mátt þola niðurskurð og þrengingar. Staðan á öryggismálum sjómanna og ferðamanna um Ísland er einnig augljóslega eitthvað sem þarf að bæta og það verður ekki gert með því að hengja skotvopn á lögreglumenn.

Þessi vísir að skotvopnavæðingu, sem virðist vera tekin einhliða ákvörðun um hjá Ríkislögreglustjóra og þeim sem fara með landsstjórnina um þessar mundir, eru ekki góð tíðindi. Vænlegra væri að sjá stóðkerfi lögreglu, sjúkraflutninga og landhelgisgæslu búa við það fjármagn, aðstöður og mannafla sem til þarf til þess að tryggja öryggi borgaranna hvort sem er í starfi eða leik.



Staðan á öryggismálum sjómanna og ferðamanna um Ísland er einnig augljóslega eitthvað sem þarf að bæta og það verður ekki gert með því að hengja skotvopn á lögreglumenn.

Halldór



Frá degi til dags

Áfram byssur

Skotvopn lögreglunnar voru ekki aðeins við læri lögreglumanna þessa helgina heldur einnig milli tannanna á fólk. Mikill viðbúnaður var víða um borg í tengslum við viðburði helgarinnar, trukkar voru brúkaðir sem vegatálmur og byssurnar voru sýnilegri en við höfum átt að venjast hér heima. Eðlilegar aðgerðir og í samræmi við það sem við könnumst við af erlendri grund segir dómsmálaráðherra. Sem er svo sem alveg rétt og myndi eflaust vekja upp öryggisfinningu ef maður hefði ekki séð hve góða raun þetta hefur gefið þar.

Æstur í her

Þingmenn Vinstri grænna komu í halarófu og gagnrýndu öryggisráðstafanirnar um helgina og sögðu þær hættulegt sýndaröryggi. Flokksbróðir Sigríðar og fyrrverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, hlóð hólkin og hleypti af á Facebook-síðu sinni. Sjálfsagt er enginn annar hér á landi sem er jafn glaður með fyrirkomulagið og Björn sjálfur. Hver veit nema að með áframhaldandi ógn verði akurinn plægður og blautasti draumur ráðherrans fyrrverandi, um alíslenska hersveit, verði að veruleika fyrr en síðar.

johannoli@frettabladid.is

Minna fúsk?



Birgir Hermannsson
stjórnálafræðingur

Minna fúsk, meiri Björt framtíð! var slagorð Bjartrar framtíðar í síðustu kosningabaráttu. Þetta snjalla slagorð rifjast upp fyrir mér þegar þingmenn greiddu atkvæði um dómara í Landsrétti. Núverandi kerfi stöðuveitinga í dómkerfinu var komið á til að binda hendur ráðherra, tryggja sjálfstæði dómvaldsins og auka traust. Af hverju stóðu þingmenn ekki vörð um þetta kerfi? Í nágrannalöndum okkar eru ekki eilífar deilur um skipan dómara og ekki sama vandamál með skort á trausti. Gildir það jafnt um þjóðþing og dómkerfi. Framganga dómsmálaráðherra og meirihluta Alþingis í mállefnum Landsréttar mun því miður minnka traust og skapa tortryggni. Hér þurfti ráðherra einfaldlega að vanda sig meira og skapa sátt um málið.

Ekki veit ég hvort þingmenn Bjartrar framtíðar felldu tár líkt og á Kópavogsfundi forðum, þegar þeir sögðu já við tillögu dómsmálaráðherra um skipan Landsréttar. Í það minnsta ættu þeir að fella tár nú, enda framtíðin ekki björt sem stundur. Atkvæðagreiðslur geta skilgreint flokka, líkt og kom í ljós með eftirminnilegum hætti í atkvæðagreiðslu um búvörusamninga fyrir síðustu kosningar. Nú hefur Björt framtíð skilgreint sig að nýju: meira fúsk, minni Björt framtíð! Björt framtíð var stofnuð af Guðmundi Steingrímssyni til að breyta stjórnmalunum. Hvað hefur orðið af því markmiði? Björt framtíð er einnig með sínum hætti arftaki Besta flokksins í íslenskum stjórnmalum. Í ljósi atkvæðagreiðslunnar um Landsrétt er það, eins og Jón Gnarr myndi kannski segja, súrrealískt.



Nú hefur Björt framtíð skilgreint sig að nýju: meira fúsk, minni Björt framtíð!

Framganga Viðreisnar í málinu kemur kannski ekki á óvart, þó vissulega sé hún vonbrigði. Ráðherrar flokksins eru allt góðir og gegnir Sjálfstæðismenn. Atkvæðagreiðslan gæti orðið Viðreisn skeinuhætt. Margir flokksmenn og kjósendur höfðu vonast eftir frjálslyndum miðjuflokki að evrópskri fyrirmynd, en sitja uppi með Sjálfstæðisflokkinn þversum, og jafnvel ekki svo þversum þegar upp er staðið. Atkvæðagreiðslan um skipan Landsréttar mun fylgja Viðreisn eins og skugginn, jafnvel sem draugur sem ásækir flokkinn reglubundið.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þálfvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnáms, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

Sí. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsferlinu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sjána því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR 12. JÚNÍ 2017



Kvosin Downtown Hotel er frábærlega vel staðsett í hjarta Reykjavíkurborgar. MYND/GAUI H PHOTOGRAPHY

Einstök íslensk upplifun

Kvosin Downtown Hotel er frábærlega vel staðsett í hjarta Reykjavíkur. Hótelíð býður upp á 24 einstaklega rúmgóð og fallega hönnuð herbergi. Í sama húsi er einnig Klaustur Downtown Bar sem leggur megináherslu á góða upplifun og afar gott vöruúrval. ➔2

333 kr
á dag*



*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365



Guðný Kemp, hótellstýra Kvosin Downtown Hotel, og Joe Compton, forstjóri RAM ehf., sem rekur Kvosin Downtown Hotel og Klaustur Downtown Bar.

MYNDIR/GAUI H PHOTOGRAPHY

Framhald af forsiðu →

Kvosin Downtown Hotel er lítið og fallett hótell sem var opnað í lok árs 2014 og er í miðborg Reykjavíkur. Staðsetningin er frábær fyrir gesti hótelsins enda stutt í mörg af betri söfnum borgarinnar, frábærir veitingastaðir í næsta nágrenni og stutt í fjörugetu næturlífið. Þótt hótelið sé staðsett í hjarta borgarinnar verða gestir fyrir engum truflunum þar sem hótelið stendur í skjóli Austurvallar og Dómkirkjunnar segir Joe Compton, forstjóri RAM ehf., sem rekur Kvosin Downtown Hotel og Klaustur Downtown Bar. „Gestirnir okkar gætu ekki beðið um betri nágranna því dómkirkjan og Alþingi halda aldrei fyrir þeim vöku.“

Kvosin Downtown Hotel er lúxus „boutique“ hótell í eigu og rekstri einkaaðila segir Joe. „Við erum ekki hluti af stærri hótellkeðju og getum því algjörlega einblint á gesti okkar hér og veitt þeim hámarksþjónustu og upplifun.“

Á litlu hóteli skiptir máli að að starfsfólkið sé fjölbætt segir Joe og nefnir sem dæmi að hótellstjórinn hafi lært til kokks og einn af starfsmönnum móttökunnar, sem er kanadískur, tali fjögur tungumál. „Sá sem sér um viðhaldið hér hefur tekið upp og unnið myndbönd fyrir Icelandair og ýmsar íslenskar hljómsveitir auk þess hann hefur gefið út ljósmyndabók. Sjálfur er ég einnig vinnandi og búinn að klára tvö af þremur stigum frá Court of Master Sommeliers. Við þurfum öll að leggja eitthvað af mörkum og gera okkar allra besta.“

Einstök herbergi

Hótelið býður upp á 24 afar rúm-góð herbergi, þar af eru 23 þeirra með eldunarstöðu. „Ég hugsa að við séum með stærstu hótellherbergin í Reykjavík, mögulega að undanskildum íbúðahótelunum. Stærð herbergjanna er frá 26 m² upp í 60 m² sem setur þau í sama flokk og svitur á alþjóðlegum mælikvarða.“

Hönnun hótelsins er einstök og flest herbergjanna hafa svalir með útsýni yfir Alþingishúsið og dómkirkjuna. „Ýmislegt í herbergjunum er sérsmiðað, t.d. eldhúsinnrétt-



Klaustur Downtown Bar býður m.a. upp á gin & tonic seðil. Allir drykkir innihalda íslenskt hráefni.

ingar og rúm. Verandi útlendingur sjálfur og einn af fyrstu gestum hótelsins sem ferðamaður tengi ég vel við væntingar og kröfur ferðamanna til hótels og upplifunar á Íslandi. Við reynum eftir fremsta megni að gefa gestum okkar einstaka íslenska upplifun og viljum að gestirnir séu partur af sögu okkar.“

Herbergin hafa hvert sitt nafn sem mörg eru tengd við íslenska náttúru, listamenn eða sögur auk þess sem hvert herbergi hefur mismunandi ljósmynd af götulífi Reykjavíkur teknar af listamanninum Gaui H photography. „Listamaðurinn Arngrímur Sigurðsson málaði stóra veggmynd fyrir okkur í garðinum en myndin túlkar öll nöfn herbergjanna.“

Hann nefnir einnig að starfsmenn móttökunnar kenni gestum íslenskt orð dagsins. „Við erum einnig með YouTube rás þar sem gestir okkar geta séð gönguleiðir í miðbænum ásamt landslagsmyndböndum. Við njótum þess að hjálpa gestum okkar að ná fram þeirri upplifun sem þeir vænta og bjóðum þeim svo góða nótt með smákökum, mjólk og handskrifudum kveðjum.“

Joe segir starfsfólkið gefa hótellinu sál. „Allt frá fyrstu spurningum um bókanir þar til löngu eftir brottför hafa gestir okkar stöðugt aðgengi að starfsmanni í móttöku í gegnum tölvupóst, síma og skilaboðakerfi. Það skiptir sköpum



Mörg fallett herbergin hafa útsýni yfir Alþingi.

“Við flytjum inn vín á borð við gin og viski sem fást hvergi annars staðar hér á landi og verðleggjum þau þannig að sem flestir geti auðveldlega prófað nýja drykki.“

fyrir gesti að hafa leiðsögn fyrir og á meðan dvöl stendur og þeir eru yfirleitt hissa og gladdir að hitta manneskjuna augliti til auglitis sem aðstoðar þá við bókanir og ferðir



Garður hótelsins er opinn yfir sumarið og hýsir reglulega tónleika og ýmsa viðburði.

og viski sem fást hvergi annars staðar hér á landi og verðleggjum þau þannig að sem flestir geti auðveldlega prófað nýja drykki.“

Hann segir klaustur almennt vera staði þar sem munkar eða nunnur geta komið saman og lært. „Það er ástæðan fyrir því að ég valdi þetta nafn á barinn. Við höfum aldrei viljað vera heitasti nýi staðurinn, fylla hann af eins mörgum gestum og hægt er og selja drykki á hæsta mögulega verði. Við viljum að fólk uppgötví okkur og reynum að komum þeim skemmtilega á óvart. Ef gestir okkar prófa nýtt vín eða gin hjá okkur, og það breytir skodunum þeirra eða kemur þeim á óvart, þá tel ég okkur hafa náð markmiði okkar. Vín eru ástríða mín og ég prófa hverja einustu vöru, skrifa bragðskýringar og býð einungis upp á vín í hámarks-gæðum.“

Í dag eru 140 léttvín á seðli barsins, þar af kosta yfir 50 flöskur undir 8.000 kr. „Hér má finna amerísk og áströlsk vín sem við flytjum inn og yfir 40 gíntegundir og 30 viskíttegundir. Einnig höfum við sérstakan gin & tonic seðil sem hefur verið mjög vinsæll. Hann inniheldur sjö drykki sem allir innihalda íslenskt hráefni.“

Nánari upplýsingar má finna á www.kvosinhotel.is og www.klaustur.bar.

Secret Solstice

12. JÚNÍ 2017

Kynning á tónlistarhátíðinni Secret Solstice 15.-18. júní 2017



GRYFJAN VAPESHOP

**Gryfjan
verður á
solstice !**

**www.
gryfjan.is**

Hátíðin festir sig í sessi


Secret Solstice tónlistarhátíðin verður haldin hátíðleg í fjórða sinn dagana 15.-18. júní 2017 í Laugardalnum í Reykjavík. Fram kemur fjöldi innlendra og erlendra tónlistarmanna á heimsmælikvarða. Þar má nefna Foo Fighters, The Prodigy, Rick Ross, Big Sean, Chaka Khan, Richard Ashcroft, Högná, Fox Train Safari og Helga Björnsson.



Fox Train Safari var stofnuð árið 2008 en gaf út sína fyrstu plötu í fyrra. Sveitin kemur fram næsta fimmtudag á Secret Solstice.

Morgundagurinn verður betri með **After Party**

Náttúruleg lausn við timburmönnum



Aminósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.icecare.is

Kveikt á hrærivélinni

Fox Train Safari spilar á opnarhátíð Secret Solstice næsta fimmtudag. Sveitin spilar bragðgóðan bræðing úr ólíkum tónlistarstefnum og lofa meðlimir miklu fjöri.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Méðal þeirra hljómsveita sem koma fram á Secret Solstice í ár er Fox Train Safari. Sveitin var stofnuð árið 2008 og hefur tekið nokkrum breytingum undanfarið áratug. Kristján Hafsteinsson bassaleikari er einn stofnenda hljómsveitarinnar og segir hann ekki auðvelt að setja merkimiða á þá tónlist sem hún spilar. „Það sem skiptir okkur máli er að tónlistin sem við spilum kalli fram einhverjar tilfinningar, hverjar sem þær eru. Einn erlendur félagi okkar sagði að við spilum soul-tónlist en það væri klárlega íslensk soul-tónlist. Við erum ekki mikið fyrir að setja einhverja merkimiða

á okkur en við tökum þetta allt; soul, R&B, blús, hiphop, djass, popp og annað úr ólíkum áttum. Setjum þetta í Kenwood hrærivélina og setjum í gang. Það sem kemur út er svo nokkuð bragðgott.“

Töku sér tíma

Auk Kristjáns voru þau Sverrir Þór Sævarsson trommuleikar og Dána Lind Monzon söngkona sem stofnuðu sveitina. Fyrstu árin voru ýmsir hljóðfæraleikarar með í för en árið 2013 tók bandið breytingum og var ákveðið að hafa fastara form á henni og meiri fókus. „Þá kom Unnur K. Karlsdóttir söngkona inn, Rafn Emilsson gítarleikari, sem hafði reyndar spilað með okkur aðeins áður, Jóhann Guðmundsson gítarleikari, Kolbeinn Tumi hljómborðsleikari, Eiríkur Rafn trompetleikari og Snæbjörn Gauti sem spilar á saxafón. Bæði Eiríkur og Snæbjörn hafa verið erlendis í námi og því tóku þeir Helgi R. Hreiðarsson saxafónleikari og Jóhannes Þorleiksson trompetleikari þeirra sæti. Þeir eru síðan í öðrum verkefnum um þessar mundir en við vorum svo heppin að fá þau Elvar Braga Kristjónsson trompetleikara og Sólveigu Morávek saxafónleikara til liðs við okkur.“

Fyrsta plata sveitarinnar ber nafnið 1 og kom stafræna útgáfan út í desember á síðasta ári. Diskurinn kemur til landsins eftir um sex vikur segir Kristján. „Við tökum okkur góðan tíma til að taka upp plötuna. Bæði tökum við upp mikið af efni og spilum líka frekar mikið á þessum tíma, t.d. komum við fram á djasshátíð í Kaupmannahöfn. Á þessum tíma vorum við að

„Það sem skiptir okkur máli er að tónlistin sem við spilum kalli fram einhverjar tilfinningar, hverjar sem þær eru.“

Kristján Hafsteinsson

leika á um 50 tónleikum á ári en svo kom að því að við ákváðum að taka okkur góða tónleikapásu til þess að klára plötuna. Núna erum við hins vegar komin á fullt aftur og byrjuð að spila aftur opinberlega.“

Ástríðufullt verk

Kristján segir plötuna vera mjög ástríðufullt verk. „Við erum rosalega heppin hvað það eru margir frábærir vinir sem hjálpuðu okkur að gera hana að veruleika auk þess sem við fengum líka mikla þolinmæði frá fjölskyldum okkar sem var líka lykilatriði.“

Þessa dagana eru þau að klára að skipuleggja tónleika sumarsins og verða mörg tækifæri til að sjá sveitina í sumar. „Næsta stóra tónlistarhátíð er The xx Night + Day sem verður haldin við Skógafoss. Svo erum við að þússa nýtt efni og leggja drög að smá ferð út fyrir landsteinana.“

Þegar Kristján er spurður hvað sveitin ætli að bjóða gestum Secret Solstice hátíðarinnar upp á er svarið einfalt. „Við ætlum að kveikja á Kenwood hrærivélinni og setja allt á fullt!“

KFC®

GERÐU FRÁBÆRT SUMAR ENN BETRA!

SUMAR FATA



3.499 kr.

10 safaríkar kjúklingalundir,
lítil heit sósa og lítil heit BBQ-sósa



Kunnugleg andlit

Tvö af stærstu nöfnum hátíðarinnar í ár, Foo Fighters og The Prodigy hafa áður spilað hér á landi við góðar undirtektir.

The Prodigy mætti fyrst til landsins árið 1994 þegar stór og mikil danshátíð var haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði. Þar var sveitin að fylgja eftir útgáfu annarrar plötu sinnar, Music for the Jilted Generation, sem skaut henni rækilega upp á stjörnuhimininn. Ári síðar komu þeir fram á Uxa, alþjóðlegri tónlistarhátíð sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri um verslunarmannahelgina. Ári síðar spiluðu þeir fyrir fullri Laugardalshöll og aftur tveimur árum síðar, árið 1998. Árið 2004 voru þeir á tónleikaferð um heiminn til að fylgja Always Outnumbered, Never Outgunned og spiluðu í Laugardalshöll sama ár. Tónleikarnir

næstu helgi verða því þeir sjöttu sem þeir halda hér á landi og má búast við frábærri stemningu enda eitt besta tónleikaband samtímans. Síðasta plata þeirra, The Day Is My Enemy, kom út árið 2015 og fékk mjög góðar viðtökur.

